

Slóð á vefþjónustu Vegagerðarinnar er <https://gagnaveita.vegagerdin.is/geoserver/gis/ows>. Hægt er að tengjast vefþjóni með forritum eins og ArcGIS eða QGIS, en einnig er hægt að sækja gögnin beint. Hægt að er að kalla eftir gögnum á mismunandi sniði. Á heimasíðu Geoserver (<https://geoserver.org/>) má finna ítarlegar upplýsingar um hvernig kallað er á vefþjónustur með breytum. Um gögnin gildir leyfi fyrir gjaldfrjáls gögn frá Vegagerðinni (<https://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/gagnaveita-vegagerdarinnar/>).

### Vegir í náttúru Íslands

Þjónustan inniheldur upplýsingar og staðsetningar á vegum í náttúru Íslands, öðrum en þjóðvegum, þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil. Sveitarfélög gera tillögu að skrá um vegi í náttúru Íslands við gerð aðalskipulags eða breytingar á aðalskipulagi. Skipulagsstofnun sér til þess að upplýsingar um skrána í viðkomandi sveitarfélagi berist Vegagerðinni til skráningar og birtingar. Vegagerðin veitir almenningi aðgang að skránni í gegnum vefþjónustu bæði til skoðunar og til niðurrhals. Vegagerðin tekur við gögnunum eins og þau koma frá Skipulagsstofnun. Eingöngu minniháttar lagfæringar eru gerðar á gögnum t.d. að samræma hnit vega m.v. þjóðvegakerfið, reiknuð út lengd veg o.fl. Ábyrgð á því hvaða vegir eru eða eru ekki í þessari þjónustu er hjá viðkomandi sveitarfélagi.

Nánari upplýsingar um vegi náttúru Íslands má finna í lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd (<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>), í reglugerð nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands (<https://island.is/reglugerdir/nr/0260-2018>) og í leiðbeiningum Skiplagsstofnunar „Vegir í náttúru Ísland - um gerð vegaskráar og högun og skil á gögnun“ ([https://www.skiplag.is/media/vegir-i-natturu-islands/veginatturuislands\\_v4.pdf](https://www.skiplag.is/media/vegir-i-natturu-islands/veginatturuislands_v4.pdf)).

### Hvernig er hægt að nálgast skrána?

Dæmi um hvernig má kalla á þjónustuna **gis:veginatturuislands\_2022\_1** fyrir vegi í náttúru Íslands. Sjálfgefið snið á þjónustunni er GML2 og hnitakerfið er ÍSN93:

[https://gagnaveita.vegagerdin.is/geoserver/gis/ows?service=WFS&version=1.0.0&request=GetFeature&typeName=gis:veginatturuislands\\_2022\\_1](https://gagnaveita.vegagerdin.is/geoserver/gis/ows?service=WFS&version=1.0.0&request=GetFeature&typeName=gis:veginatturuislands_2022_1)

Hægt er að bæta við breytum eins og t.d.:

#### Hnitakerfi

srsName=EPSG:3057 (ÍSN93)

srsName= EPSG:4326 (WGS84)

#### Skilyrði, t.d.

cql\_filter=NRSVEITARFELAG= 8720

#### Gagnasnið

outputFormat=GML2	WFS 1.0.0
outputFormat=GML3	WFS 1.1.0
outputFormat=shape-zip	Þjöppuð shape skrá (ZIP)
outputFormat=application/json	json
outputFormat=text/javascript	
outputFormat=csv	Comma Separated Values

Dæmi um kall í vefþjónustuna þar sem beðið er um alla vegi þar sem númer sveitarfélags er 8720 (cql\_filter=NRSVEITARFELAG=8720), hnitakerfi er WGS84 (srsName= EPSG:4326) og gögnin eru á json sniði (outputFormat=application/json):

[https://gagnaveita.vegagerdin.is/geoserver/gis/ows?service=WFS&version=1.0.0&request=GetFeature&typeName=gis:vegirinatturuislands\\_2022\\_1&cql\\_filter=NRSVEITARFELAG=8720&srsName=EPSG:4326&outputFormat=application/json](https://gagnaveita.vegagerdin.is/geoserver/gis/ows?service=WFS&version=1.0.0&request=GetFeature&typeName=gis:vegirinatturuislands_2022_1&cql_filter=NRSVEITARFELAG=8720&srsName=EPSG:4326&outputFormat=application/json)

### Eigindi fyrir vegi í náttúru Íslands (gis:vegirinatturuislands\_2022\_1)

Gagnahögunin á þjónustunni tekur mið af forsníði fyrir skráningu gagna um vegi í náttúru Íslands sem er að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar ([https://www.skipulag.is/media/vegir-i-natturu-islands/ASK\\_vegirinnatturuislands\\_forsnid.zip](https://www.skipulag.is/media/vegir-i-natturu-islands/ASK_vegirinnatturuislands_forsnid.zip)). Eigindin byggja á aflögðum staðli ÍST120:2012 Skráning og flokkun landupplýsinga-Uppbygging fitjuskráa auk annarra fitjuskráa. Staðallinn var lagður af 1. júní 2021 en hann ásamt fitjuskránum er aðgengilegur á heimasíðu Landmælinga Íslands (<https://www.lmi.is/is/landupplýsingar/kortagogn/islenskar-fitjuskrar>) en einnig hefur verið bætt nokkrum eigindum til frekari upplýsinga.

Heiti	Tag	Tilvísun	Lýsing	Dæmi (json)
FITJUFLOKKUR	INT	1)	Vegakerfi	301
IDVEGUR	INT		Einkvæmt númer fyrir veg	63
NAFNFITJU	STRING	2)	Heiti vegar	null
LENGD	INT	2)	Lengd vegar	653
VEGFLOKKUN	INT	2)	Vegflokkun skv. fitjuskrá	5
VEGFLOKKUNSVEIFELAGA	INT	2)	Vegflokkun sveitafélaga, á ekki við þetta gagnasafn	null
VEGTEGUND	STRING	3)	Gerð vegtegundar skv. leiðbeiningum Skipulagsstofnunar og reglugerðar nr. 60/2013	"F3"
SLITLAG	INT	2)	Gerð slitlags á vegi	20
BREIDD	DECIMAL	2)	Breidd vegar	3
HRADI	INT	2)	Leyfilegur hámarkshraði	null
AKSTURSTEFNA	INT	2)	Aksturstefna	2
EININGVEGAKERFIS	INT	2)	Fitjueigindin er notuð til að greina á milli fyrirbæra í vegakerfi landsins	1
UPPHAFNOTKUNAR	DATE	4)	Dagsetning þegar vegur var tekinn í notkun	null
ENDIRNOTKUNAR	DATE	4)	Dagsetning þegar vegur var tekinn úr notkun	null
HEIMILD	STRING	1)	Heimildaskráning t.d. númer loftmynda, skýrslur GPS mælinga o.fl.	"GPS-mæling"
DAGSHEIMILDAR	DATE	1)	Hvenær heimild varð til, t.d. útgáfudagsetning korts, aldur loftmynda eða hvernær innmæling fór fram	"2019-12-24T00:00:00Z"
DAGSINNSETNINGAR	DATE	1)	Hvenær fitjan var færð í gagnasafnið	"2020-04-20T00:00:00Z"
DAGSLEIDRETTINGAR	DATE	1)	Hvenær gögn voru síðast breytt eða leiðrétt	"2020-04-20T00:00:00Z"

VINNSLUFERLIFITJU	INT	1)	Vinnsluferli sem notað var við að koma fitjunni í gagnasafnið	null
NAKVAEMNIXY	DECIMAL	1)	Nákvæmni staðsetningar í fleti. Tilgreind í metrum	5
GAGNAEIGANDI	STRING	1)	Eigandi sem á gögnin og sér um viðhald á þeim	"Skeiða- og Gnúpverjahreppur"
EIGANDIFYRIRBAERIS	STRING	4)	Eigandi vegar	null
OPIDFRA	STRING	3)	Frá og með hvaða degi (dags./mán.) umferð er heimil um veginn	"21.06."
OPIDTIL	STRING	3)	Til og með hvaða degi (dags./mán.) umferð er heimil um veginn	"30.04."
ATHS	STRING	3)	Athugasemdir	"Umferð um og í nálægð við varplönd heiðagæsa er bönnuð frá 1. maí til 20. júní."
NRSVEITARFELAG	STRING		Númer sveitarfélags	"8720"
HEITISVEITARFELAG	STRING		Heiti sveitarfélags	"Skeiða- og Gnúpverjahreppur"
DAGSSTJORNARTIDINDI	DATE		Hvenær auglýsing um tiltekin veg í náttúru Íslands birtist í B-deild stjórnartíðinda	null
NRUTGAFA	STRING		Útgáfunúmer í B-deild Stjórnartíðinda	null
SHAPE	LINESTRING		Hnitastrengur (WGS84 í þessu tilviki)	[-22.88374598,65.98340946,0], [-22.88372921,65.98343365,0], ...

1) Fitjuskra: Sameiginlegar fitjueigindir sem var skylda að skrá

([https://www.lmi.is/static/files/grunnqerd/fitjuskra/skyldueigindir\\_1utq2021.pdf](https://www.lmi.is/static/files/grunnqerd/fitjuskra/skyldueigindir_1utq2021.pdf))

2) 300 Samgöngur

([https://www.lmi.is/static/files/grunnqerd/fitjuskra/300samqongur\\_1\\_2utq2017.pdf](https://www.lmi.is/static/files/grunnqerd/fitjuskra/300samqongur_1_2utq2017.pdf))

3) Leiðbeiningar Skipulagsstofnunar Vegir í náttúru Íslands – um gerð vegaskráar og högun og skil á gögnum

([https://www.skipulag.is/media/vegir-i-natturu-islands/vegirinatturuislands\\_v4.pdf](https://www.skipulag.is/media/vegir-i-natturu-islands/vegirinatturuislands_v4.pdf))

4) Fitjuskra: Sameiginlegar fitjueigindir- Valkvæmar

([https://www.lmi.is/static/files/grunnqerd/fitjuskra/valfrjalsar\\_eigindir\\_1.2\\_utq2013.pdf](https://www.lmi.is/static/files/grunnqerd/fitjuskra/valfrjalsar_eigindir_1.2_utq2013.pdf))

Eigindin VEGFLOKKUN, VEGTEGUND, SLITLAG, AKSTURSSTEFNA, EININGARVEGAKERFIS og VINNSLUFERLIFITJU eru með fyrirfram skilgreindum gildum:

#### VEGFLOKKUN

Kóði	Nafn	Skilgreining
5	Almennir vegir	Vegir sem ekki teljast þjóðvegir en eru í eigu opinberra aðila og eru ætlaðir almenningi til frjálsrar umferðar, t.d. hálendisvegir.
12	Einkavegir	Einkavegir eru vegir sem hvorki teljast þjóðvegir né sveitarfélagsvegir og eru í eigu einstaklinga, fyrirtækja eða opinberra aðila. Vegur sem er 50 metrar eða styttri að sveitabæ flokkast sem einkavegur. Vegir heim að eyðibýlum og sumarhúsum teljast einnig til einkavega. Einnig eru vegir í landbúnaðarlandi s.s. vegir sem hafa orðið til vegna landnýtingar, ræktunar eða beitar, vegir milli túna, beitarhólfa o.fl., einkavegir.

#### VEGTEGUND

Kóði	Nafn	Skilgreining
F0	Greiðfær vegur	Greiðfærir vegir, færir allri almennri umferð að sumarlagi. Oft lokaðir á veturna vegna snjóa og vegna aurbleytu á þáttíð.
F1	Seinfær vegur	Seinfærir vegir, færir allri almennri umferð að sumarlagi. Oftar en ekki lægri en landið til beggja hliða. Breidd um 4 m. Stórir lækir og ár brúaðar. Oft lokaðir á veturna vegna snjóa og vegna aurbleytu á þáttíð.
F2	Lakfær vegur	Lakfærir vegir, færir fjórhjóladrifnum bílum, mjög öflugum fólksbílum, jepplingum og vélhjólum. Oftar en ekki lægri en landið til beggja hliða. Breidd um 4 m. Lækir og smáár óbrúaðar. Oft lokaðir á veturna vegna snjóa og aurbleytu á þáttíð.
F3	Torfær vegur	Torfærir vegir, einungis færir stórum og vel búnum fjórhjóladrifnum bílum, ofurjeppum og vélhjólum. Oftar en ekki lægri en landið til beggja hliða. Geta verið ójafnir, grýttir og með bleytuíhlaupum. Breidd um 4 m. Oft lokaðir á veturna vegna snjóa og aurbleytu á þáttíð.

#### SLITLAG

Kóði	Nafn	Skilgreining
10	Bundið	
13	Klæðing	
14	Malbik	
15	Steypa	
17	Hellur / Steinar	
18	Timburgólf	
20	Óbundið	
21	Möl	
22	Mold	
23	Kurl	
24	Gras	

**AKSTURSSTEFNA**

Kóði	Nafn	Skilgreining
-1	Einstefna á móti stefnu línu	Stefna línu sýnir hvernig hún er teiknuð.
0	Óþekkt	
1	Einstefna með stefnu línu	Stefna línu sýnir hvernig hún er teiknuð.
2	Tvístefna	

**EININGVEGAKERFIS**

Kóði	Nafn	Skilgreining
1	Vegur	
2	Brú	Mannvirki til að tengja saman tvo staði yfir vatnsfall (gil, skurð), veg, umferðaræðar eða aðra torfæru. Lengd milli stöpla þarf að vera 4 metrar eða meira.
3	Vað	
4	Göng	Göng eru yfirbyggður vegur, leið, slóði, grafin neðarjarðar eða í gegnum fjall ætluð til dæmis fyrir umferð farartækja eða gangandi vegfaraenda.
6	Vegskáli/forskáli	Vegskáli er yfirbygging yfir veg, til varnar grjóthruni og snjóflóðum. Forskáli er steypdur vegskáli fyrir framan veggöng.
7	Ferja	

**VINNSLUFERLIFITJU**

Kóði	Nafn	Skilgreining
1	Hönnunargögn	Gögn sem verða til við útreikninga eða skv. forsendum hönnuða.
2	Fjarkönnun	Fjarkönnun er stafræn greining á gögnum fengnum af gervitunglamyndum.
3	Skönnuð gögn og vigrun	Vigrun á t.d. skannaðri filmu / teikningu / mynd (mælt vélrænt).
4	Skjáhnitun / borðhnitun	Skjáhnitað / borðhnitað t.d. af korti / loft- eða gervitunglamynd.
5	Landmæling	Mæling lands með þar til gerðum tækjum, s.s. GPS-tæki, málbandi, hallamæli o.s.frv.
6	Myndmæling	Lega og form hluta teiknuð t.d. eftir loftmyndum, með til þess gerðum búnaði.
7	Annað	Ef annað en það sem talið er upp hér að ofan, þá skal það tekið fram. T.d. riss.